

# ELÍN EDDA ALEXANDERSDÓTTIR



---

Kæru félagsmenn

Elín Edda Alexandersdóttir heiti ég og er fertug þriggja barna móðir. Ég hef mikinn áhuga á öllu sem við kemur hundum enda eigum við fjölskyldan þrjá hunda, tvo af tegundinni Vorsteh og einn af tegundinni Weathen terrier.

Undanfarin ár hef ég verið dugleg að kynna mér starfsemi Hundaræktarfélags Íslands enda er félagið okkar stórt og hefur uppá margt að bjóða. Þá höfum við fjölskyldan nýtt Vorsteh hundana okkar tvo í veiðar ásamt því að sækja alskyns hlýðni vinnu eins og t.d. Rallý. Þá hef ég verið dugleg að sækja sýningar félagsins og aðstoða með hin ýmsu störf sem viðkoma þeim hvort sem það sé innan hringis eða utan. Yngsta barnið okkar hefur mikið tekið þátt í ungum sýndum og hlotnaðist mér sá heiður að vera tilnefnd í Æskulýðsnefnd fyrir ári síðan, sem fer fyrir öflugum barnastarfi innan félagsins okkar og hefur mikið áorkast í gegnum árin enda tel ég það mikilvægt að hlúa vel að komandi kynslóð því þau eru jú framtíðin. Ásamt því að sitja í Æskulýðsnefnd sit ég einnig í stjórn Terrier deildar HRFÍ.

Í dag starfa ég hjá Hringrás við reikningagerð og innheimtur og hef af því starfi mikla reynslu. Ég hef góða færni í mannlegum samskiptum og vinn vel í teymi. Félagið er mér mjög kært og trúi ég því að enn fleira sé hægt að gera til að stuðla að góðri hundamenningu á Íslandi. Því langar mig að gefa kost á mér til varastjórnar HRFÍ og mun ég vinna vel í þágu félagsins fái ég ykkar traust til setu í varastjórn.

Elín Edda Alexandersdóttir